

seinfara, en þó ekki svo að hjeradsdómaranum, er talið hefur ástæður fyrir, verði sök á gefin.

Sókn og vörn í málinu fyrir yfirdómi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannaþje.

Mánudaginn 20. febrúarmán.

Nr. 51/1887.

Landsjóðurinn  
gegn  
Jóni Sigfússyni.

#### Dómur:

Hinn 20. ágústmán. 1878 gaf hinn stefndi, Jón Sigfússon á Espihóli, Eggert umboðsmanni Gunnarssyni leyfi til þess að veðsetja eignarjarðir sínar, Botn í Fjörðum í Grýtubakkahreppi, 10,8 hndr. að dýrl., og  $\frac{1}{3}$  úr Veigastöðum í Svalbarðshreppi (o: Svalbarðsstrandahreppi), 6,6 hndr. að dýrl., fyrir peningaláni úr viðlagasjóði Íslands eða hvar helzt sem honum þóknist.

Hinn 25. nóvembermán. s. á. veðsetti Eggert Gunnarsson nefndar jarðir, svo og 17 hndr. úr hálfendu jarðarinnar Hrauns í Yxnadal í Eyjafjarðarsýslu, fyrir 1000 kr. láni úr viðlagasjóði. En með því hann ekki stóð

í skilum með greiðslu á vöxtum, er lúkast áttu 11. júní 1885 og 11. júní 1886, krafðist landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd viðlagasjóðs — eptir að tilraunir höfðu verið gjörðar til þess að fá veðeigendur til þess að taka að sjer skuldina —, að framangreindar jarðir, Botn og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða, yrðu seldar til lúkningar höfuðstólnum, ógoldnum vöxtum og kostnaði. En með úrskurði fógetarjettar Þingeyjarsýslu, gengnum að Svalbarði á Svalbarðsströnd, 11. júnímán 1887, urðu þau úrslit, að hin umbeðna fjárnámsgjörð skyldi framganga þannig, að fjárnám skyldi gjöra í hinum umræddu eignum Jóns bónda Sigfússonar á Espihóli fyrir þeim hluta lánsins, að upphæð 1000 kr. með vöxtum, sem svari þeirri tiltölu, er hvíli á þessum jörðum eptir hundraðatali þeirra í rjettu hlutfalli við hinn annan hluta veðsins, 17 hndr. úr Hrauni í Yxnadal.

Samkvæmt þessum úrskurði voru jarðirnar Botn og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða út lagðar til lúkningar:

1. af upphæð höfuðstóls . . . . . Kr. 505,81
2. vextir af þessari upphæð frá 11. júní 1884 til 11. júní 1887 . . . . . — 60,70  
svo og væntanlega áfallandi vextir til borgunardags.
3. Gjald til landsjóðs fyrir fjárnámsgjörðina . . . . . — 5,00
4. Annar fjárnámskostnaður eptir reikningi . . . . . — 30,00

Framangreindum úrskurði hefur landritari Jón Jenson eptir skipun og í umboði landshöfðingja fyrir hönd landsjóðs (viðlagasjóðs) áfrýjað til landyfirdómsins með stefnu, dags. 27. sept. 1887, og þar krafist,

að hann verði felldur úr gildi og honum breytt þannig, að fjárnám skuli gjört í ofanefndum jarðeignum, Botni og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða, fyrir öllum höfuðstól skuldabryfsins 25. nóvbr. 1878, 1000 kr., ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum frá 11. júní 1884 til borgunardags, og öllum kostnaði, sem leitt hefur og leiða mun af lögsókninni gegn hinum stefnda, þar á meðal kostnaði af málinu fyrir yfirdóminum, 40 kr. eða eptir mati réttarins.

Hinn stefndi hefur hvorki sjálfur mætt nje neinn af hans hendi í þessu máli við yfirdóminn, og verður það því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilskipun 3. júní 1796 § 2 dæmt eptir skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin.

Eins og áður er á vikið, leyfði hinn stefndi, Jón Sigfússon, Eggert Gunnarssyni 20. ágúst 1878 að setja eignarjarðir sínar Botn og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða að veldi fyrir peningaláni úr viðlagasjóði eða hjá einhverjum öðrum; það má ætla, að hlutaðeigandi lánveitanda hafi ekki þótt þessar jarðir næg trygging fyrir 1000 kr. láni, að minnsta kosti vedsetti Eggert Gunnarsson fyrir láninu, auk nefndra jarðeigna, 17 hndr. úr hálfleudu jarðarinnar Hrauns í Yxnadal. Um þetta var stefnda ókunnugt, þá er hann ritaði vedleyfi sitt, þótt hann að visu seinna fengi að vita um það. — Vedleyfi hans er ótakmarkað og engum skildaga bundið, og mátti Eggert því vedsetja hinar ljeðu jarðir til tryggingar svo miklu láni, er hann frekast gæti fengið. — Hinn stefndi hefur nú haldið því fram, að þar sem önnur jarðeign hafi verið vedsett ásamt hans jarðeignum, þá standi ekki hans jarðir sem trygging fyrir meiri upphæð, en sem svari verði

þeirra til móts við verð 17 hndr. úr Hrauni í Yxnadal, metið eptir hundraðatali, og á þessa skoðun hans hefur fúgetarjetturinn fallizt. — En yfúrdómurinn verður að álíta, að þegar fleiri jarðir eru settar að veði fyrir einhverri upphæð með einu og sama skulda-brjefinu, án þess sjerstaklega sje kveðið á um það, hve mikill hluti veðskuldarinnar skuli hvíla á hverri eigninni um sig, þá hvíli öll skuldin á hverri einstakri jörð, eða á hverjum einstökum parti jarðanna sem á heildinni, en ekki tiltölulegur hluti hennar á hverju hundraði í hinum veðsettu jörðum, og verðnr því, að því til þessa máls kemur, að álíta að sækjanda sje heimilt að ganga að Botni og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða fyrir allri skuldinni.

Það verður því að dæma hinn áfrýjaða fúgetarjettarúrskurð ógildan og að skylda fúgetann til að leggja áfrýjanda út, samkvæmt kröfu hans, jarðirnar Botn og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða til lúkningar allri skuldinni, 1000 kr., með öllum ógreiddum vöxtum frá 11. júní 1884, svo og öllum af fjárnámsgjörðinni leiðandi kostnað.

Málskostnaður fyrir yfúrdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn átrýjaði fúgetarjettarúrskurður á að vera ógildur, og ber fúgetanum að framkvæma fjárnámsgjörð á jörðunum Botni í Fjörðum og  $\frac{1}{3}$  Veigastaða á Svalbarðsströnd, báðum í Þingeyjarsýslu, þannig að þær verði útlagðar til lúkningar öllum höfuðstól skuldabryjefs Eggerts

Gunnarssonar til viðlagasjóðs frá 25. nóvbr. 1878, að upphæð 1000 kr., ásamt vöxtum frá 11. júní 1884 til borgunardags, svo og öllum kostnaði, sem af fjárnáminu leiðir.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 55/1887

Rafn Sigurðsson  
gegn  
Ólafi Ólafssyni.

#### Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að áfrýjandinn, skóari Rafn Sigurðsson, telur til skuldar, að upphæð 11 krónur, hjá hinum stefnda, Ólafi bónda Ólafssyni, fyrir stigvjel, er hann tjáist hafa selt Ólafi handa dóttur hans, en stefndi hefur skorazt undan að borga stigvjela-verð þetta. Málið var dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 21. nóv. f. á. á þá leið, að stefndi á að vera sýkn, svo framarlega hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi beðið áfrýjandann að láta sig fá hin umræddu stigvjel handa dóttur sinni og lofað að greiða honum andvirði þeirra, og á þá málskostnaður að falla niður, en vinni hann eigi svofelldan synjunareid. á hann að greiða áfrýjandanum 11 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 9. júnímán. f. á., þangað til borgun er innt af hendi, og 30 kr. í málskostnað. — Þessum dómi hefur Rafn Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dóminum verði breytt í þá átt, að hinn stefndi verði afdráttarlaust dæmdur til að